

Leikskólinn Akkrar

Garðabær 31.05.2018

Bt. Gunnars Einarssonar bæjarstjóra

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	31.05.2018
Málalýkill	0410
Mál nr.	1805398

„Horft til framtíðar“

Þróun á starfsumhverfi leikskóla

Sæll Gunnar

Vorið 2017 fengum við styrk úr þróunarsjóði leikskóla með verkefnið okkar „Horft til framtíðar“. Markmiðið var að fjölga leikskólakennurum í leikskólanum með að þróa starfsumhverfi leikskólakennara í leikskólanum. Deildarstjórar fara út af deildinni alla daga vikunnar klukkan 14:00 til að undirbúa starfið (samráð, taka foreldraviðtöl og aðrir fundir svo eitthvað sé nefnt). Aðrir leikskólakennarar fara þrisvar sinnum í viku út af deildinni klukkan 14:00. Með þessu starfsumhverfi teljum við meiri líkur á að auka fjölda leikskólakennara í leikskólanum þar sem starfið verði áhugaverðara og markvissara með meiri samvinnu milli allra kennara. Við fengum Svölu Guðmundsdóttir dósant við Háskóla Íslands til að vera verkefnastjóri. Verkefnið gekk mjög vel og voru niðurstöðurnar þær að öllum kom saman um að þetta myndi vera til góðs fyrir kennara, börn og allt starfsfólk í heild.

Á vormánuðum var farið rólega af stað í breytingarnar þannig deildarstjórar fóru þrjá daga í viku og leikskólakennari tvisvar í viku eftir klukkan 14:00. Í apríl sóttum við um framhaldsstyrk á verkefninu því við teljum mikilvægt að halda vel utan um það því það er mikil ávinningur fyrir okkur að þetta gangi vel.

Við sækjum hér með um 25% stöðu aukningu inn á hverja deild, sem verður á heildina eitt stöðugild, tímabundið í þrjú ár á meðan við erum að aðlagast nýju starfsumhverfi.

Virðingarfyllt

Sigrún Sigurðardóttir leikskólastjóri



Ragnhildur Gunnlaugsdóttir aðstoðarleikskólastjóri

